



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 67

Júlí 1998

### HELGARFERÐ AÐ LANGJÖKLI

Jöklarannsóknafélag Íslands efnir til skoðunarferðar að Langjökli helgina 11. og 12. júlí 1998. Farið verður af stað kl. 9 á laugarmorgun 11. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar. Gist verður í skála. Þátttaka tilkynnist Þórdísi Högnadóttur eða Guðfinnu Aðalgeirs dóttur í síma 525 5862 eða Halldóri Gíslasyni yngra í síma 898 0389 eða 566 7077 í síðasta lagi miðvikudaginn 8. júlí 1998.

## SUMARFERÐ

Hin árlega sumarferð Jöklarannsóknafélagsins verður farin helgina 11.-12. júlí. Hún verður tengd Langjökli, þannig að við munum kíkja á hann, úr fjarska, og kannski einnig í návígí. Lagt verður upp frá hinu hefðbundna bílaplani fyrir utan bækistöð Guðmundar Jónassonar klukkan 9:00, laugardagsmorguninn 11. júlí og áætlað er að koma tilbaka um 7:00 á sunnudagskvöldinu. Gist verður í skálanum Skálholti við Tjaldfell norðaustan við Skjaldbreið, og verður þar sameiginleg grillmáltíð. Þátttökugjald er 3500 krónur, fyrir fullorðna, 1750 fyrir börn 6-15 ára og ókeypis fyrir börn til 6 ára og innifelur það rútu og grillið. Allan annan kost þurfa þátttakendur að hafa með sér. Þátttaka tilkynnist Dísu eða Tollý í síma 5255862, eða Halldóri Gíslasyni yngri í sínum 8980389 eða 5667077.

Finnur Pálsson